



**66. fundur Fjölskylduráðs Múlapings
haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 28. mars 2023
og hófst hann kl. 12:30**

Fundinn sátu:

Sigurður Gunnarsson formaður, Björg Eyþórsdóttir varaformaður, Guðmundur Björnsson Hafþórsson aðalmaður, Guðný Lára Guðrúnardóttir aðalmaður, Ásrún Mjöll Stefánsdóttir aðalmaður, Eyþór Stefánsson aðalmaður, Jóhann Hjalti Þorsteinsson aðalmaður, Þórlaug Alda Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir fræðslustjóri, Júlía Sæmundsdóttir félagsmálastjóri og Þórunn Bylgja Borgþórsdóttir íprótta- og æskulýðsstjóri.

Fundargerð ritaði: Bylgja Borgþórsdóttir, Júlía Sæmundsdóttir, íprótta- og æskulýðsstjóri, félagsmálastjóri

Dagskrá:

1. 202101300 - Íprótta- og tómskundastyrkir fjölskylduráðs

Fyrir afgreiðslu þessa dagskrárliðar vakti Guðmundur Bj. Hafþórsson athygli á mögulegu vanhæfi og var það samþykkt samhljóða.
Vék hann af fundi undir þessum lið.

Fyrir liggja umsóknir um íprótta- og tómskundastyrki fjölskylduráðs sem auglýstir voru til umsóknar með umsóknarfrest til og með 15. mars 2023.

Fjölskylduráð leggur til að eftirfarandi verkefni verði styrkt:

- Pílufélag Múlapings, búnaður, umsækjandi Pílufélag Múlapings, kr. 200.000
- Tecball borð, umsækjandi Ungmennafélagið Neisti, kr. 150.000
- Skíðagönguspor í Selskógi og á Fjarðarheiði, umsækjandi Skíðagöngudeild Skíðafélagsins í Stafdal, kr. 250.000
- Fjölskyldusirkushelgi í Fellabæ, umsækjandi Ungmennafélagið Þristur, kr. 200.000
- Dansnámskeið fyrir börn og fullorðna á Seyðisfirði, umsækjandi Julia Martin, kr. 200.000

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

2. 202010555 - Skýrsla íprótta- og æskulýðsstjóra

Lagt fram til kynningar.

3. 202303130 - Móttökuáætlun fyrir íbúa af erlendum uppruna

Lagt fram til kynningar.

4. 202303056 - Aðstaða f.dagdvöl og tómskundastarf eldri borgara á Djúpavogi



Þann 7. mars 2023 barst erindi frá Austurlistanum er varðar tillögu um að sveitarfélagið kaupi húsnæði björgunarsveitarinnar á Djúpavogi undir starfsemi dagdvalar og félagsstarf eldri borgara á Djúpavogi. Erindið var tekið fyrir í sveitarstjórn 16. mars s.l. þar sem því var vísað til afgreiðslu hjá fjölskylduráði.

Fjölskylduráð þakkar fyrir ábendingu Austurlistans og mun taka hana til skoðunar samhliða endurskoðun á þjónustu við eldri borgara á Djúpavogi.

5. 202303070 - Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál, 126. mál.

Sveitarfélaginu hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál, 126. mál.

Lagt fram til kynningar.

6. 202303062 - Umsagnarbeiðni um breytingu á lögum um málefni innflytjenda og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (sameining Vinnumálastofnunar og Fjölmenningarseturs, þjónustustöðvar), 782. mál

Sveitarfélaginu hefur borist umsagnarbeiðni um breytingu á lögum um málefni innflytjenda og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (sameining Vinnumálastofnunar og Fjölmenningarseturs, þjónustustöðvar), 782. mál.

Lagt fram til kynningar.

7. 202303055 - Beiðni um styrk til kynnisferðar með flóttamenn

Borist hefur erindi frá rótarýklúbbsi Héraðsbúa dagsett 7. mars 2023. Klúbburinn, í samstarfi við starfsmenn félagsþjónustu, Austurbrú, Vinnumálastofnun og Rauða krossinn buðu flóttamönnum á Austurlandi í kynnisferð um fjórðunginn með fararstjórn. Leitar klúbburinn eftir stuðningi frá Múlapingi um greiðslu kvöldmatar fyrir flóttamennina að upphæð 38.000,- kr.

Fjölskylduráð þakkar rótarýklúbbsi Héraðsbúa fyrir vel heppnað framtak sem miðar að inngildingum flóttamanna í samfélagið. Samþykkt er að styrkja ofangreinda kynnisferð um 38.000,- kr. Tekið af lið 9160.

8. 201712031 - Skýrsla Félagsmálastjóra

Félagsmálastjóri reifar málefni félagsþjónustu er helst hafa verið í brennidepli á umliðnum vikum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:37

